

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](#) og [mbl.is](#)

JÚNÍ 2023

6. tbl. 30. árg.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin
á [lyfjaval.is](#)

Veldu að sækja í
næsta apótek eða
fáðu sent heim.

Lyfjaval



Óðinsgata 1 - Reykjavík

Sími: 511 6367

Netverslun:
[systrasamlagid.is](#)

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](#)

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi
[www.bilarogtjon.is](#)



Fjölmarginir nemendur hlutu verðlaun og viðurkenningar fyrir góðan námsárangur við útskrift FB. Dúx skólans var Kjartan Helgi Guðmundsson sem útskrifaðist af húsasmíðabraut en lauk einnig stúdentsprófi. Ræður nýútskrifaðra fluttu þau Kjartan Helgi og Natalía Hrafnadóttir sem útskrifaðist af rafvirkjabraut auk þess að ljúka stúdentsprófi. Haraldur Guðjónsson Thors tók myndir af viðburðinum. *Sjá nánar á bls. 2.*

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. *Heyrumst* **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](#)

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](#)

SUMARFRÍ

4 VIKUR

26 kr.

AFSLÁTTUR

Skráðu þig á [orkan.is](#)

Vertu með afsláttinn í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum í sumari.

Orkan — Ódýrasti hringurinn

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Mýrarvegi Reykjavíkurvegi og Suðurfelli en þar gildir okkar allra lægsta verð.

Sæktu
Orkulykilinn
í símann!



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
6. tbl. 30. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Breiðhylltingar bíða enn

Ekki bolar enn á framkvæmdum við Arnarbakka en tvö ár eru liðin frá því ákveðið var að endurbyggja þjónustukjarnana með íbúðum og rými fyrir atvinnustarfsemi.

Ekki bolar heldur á framkvæmdum í Fellunum þar sem um sambærilegar hugmyndir er að ræða.

Ekki bolar á því að Garðheimar verði færðir á nýja lóð í Mjóddinni til að hefja byggingu íbúða á Garðheimalóðinni þrátt fyrir að ákvörðun hafi verið tekin um það fyrir all löngu.

Finna þarf framkvæmdaaðila og gera margvíslega samninga. Hanna þarf byggingar sem leggja þarf fyrir byggingafulltrúa til umfjöllunar og samþykkis. Síðan kemur að sölu eða leigu íbúða og annarra mannvirkja.

Þarna er um umtalsverðar framkvæmdir að ræða sem vissulega tekur tíma að koma í framkvæmd.

Ef vel tekst til verður um miklar og nauðsynlegar breytingar að ræða. Nær dauðir reitir fá nýtt líf með íbúum og fyrirtækjum.

Lítið hefur enn frést af því hvernig málum miðar eða á hvaða stigi þau eru. Á meðan drabbast þessir gömlu þjónustukjarnar áfram niður engum til gleði eða gagns.

FB útskrifaði 163 nemendur í vor



Útskriftarhópurinn í Hörpu.
Mynd Haraldur Guðjónsson Thors.

Alls voru 163 nemendur útskrifaðir frá Fjölbauta skólanum í Breiðholti þann 27. maí sl. Þar af voru 20 með tvö próf. Alls útskrifuðust 69 af bóknámsbrautum, 38 af húsasmiðabraut, 41 af rafvirkjabraut, 14 af sjúkraliðabraut, 9 af snyrtifræðibraut og 12 af starfsbraut. Athöfnin var haldin í Silfurbergi Hörpu við húsfylli og mikinn hátíðleika.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari stýrði athöfninni og Víðir Stefánsson aðstoðarskólameistari flutti yfirlitsávarp. Lovísa Margrét Eðvarðsdóttir, fyrsta árs nemi á myndlistarbraut, söng tvö lög við undirleik Pálma Sigurhjártarsonar en auk hans lék Jakob van Oosterhout á trompet.

Fjölmargir nemendur hlutu verðlaun og viðurkenningar fyrir góðan námsárangur, dúx skólans var Kjartan Helgi Guðmundsson sem útskrifaðist af húsasmiðabraut en lauk einnig stúdentsprófi. Ræður nýútskrifaðra fluttu þau Kjartan Helgi og Natalia Hrafnisdóttir sem útskrifaðist af rafvirkjabraut auk þess að ljúka stúdentsprófi.

Guðrún Hrefna opnaði athöfnina á því að flytja ljóð eftir Ísak Harðarson sem lést á dögunum. Þá þakkaði hún Stefáni Andréssyni fyrir sinn



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari stýrði athöfninni.

langa og farsæla starfsferil við FB en hann lætur nú af störfum sökum aldurs.

Í ræðu sinni minntist Víðir Stefánsson, aðstoðarskólameistari, meðal annars á það að FB hefur löngum verið með mestan fjölda allra skóla útskrifaðra nemenda af húsasmiða-, rafvirkja- og sjúkraliðabrautum. Hann minntist

einnig á mikilvægi þess að eldri kynslóðir sýni skilning á þeim veruleika sem hin svokallaða Z-kynslóð ólst upp við, með stanslausu áreiti samfélagsmiðla og ýmissa tækja og tækni sem áður var óþekkt en hefur í för með sér aukinn kvíða og ýmis annars konar vandamál sem ungt fólk glímur við.



Víðir Stefánsson aðstoðarskólameistari flutti yfirlitsávarp.



Lovísa Margrét Eðvarðsdóttir, fyrsta árs nemi á myndlistarbraut, söng tvö lög.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Ópið 9-18 virka daga.

Breiðholt

Sumarnámskeið í Breiðholti 2023

Frístundamiðstöðin Miðberg:

Félagsmiðstöðvarstarf félagsmiðstöðva í Breiðholti fyrir 13-16 ára

Sumarnámskeið fyrir 10-12 ára

Sumarfrístund fyrir 6-9 ára

Sumarnámskeið í Hellinum fyrir fötluð börn og börn með sérþarfir 10-16 ára

Fellaskóli/Vinafell:

Sumarfrístund fyrir 6-7 ára

Borgarbókasafn/Menningarhús Gerðubergi:

Sumarsmiðjur fyrir 9-12 ára og 13-16 ára

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR):

Sumargaman fyrir 6-9 ára

Knattspyrnuskóli fyrir 6-13 ára

Karatenámskeið fyrir 5-11 ára og 12-18 ára

Íþróttafélagið Leiknir:

Knattspyrnuskóli Leiknis fyrir 7-12 ára

Körfuboltaskóli Leiknis/Aþenu fyrir 8-12 ára

Sundfélagið Ægir:

Sumarsundskóli Ægis fyrir 4 ára og eldri

Meiri upplýsingar má finna á www.fristund.is

V I Ð T A L I Ð

Endurvekja þarf foreldrastarfið

- segir Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri Miðbergs

Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri Miðbergs er hreinræktaður Breiðhyltingur. Hann flutti fimm ára gamall með foreldrum sínum í nýbyggða blokk við Súluhóla. Ég var hér í meira en tvo áratugi. Hann hóf skólagönguna í Hólaborg síðan tók Hólabrekkuskóli við. Þaðan lá leiðin í næsta hús ef svo má segja sem er Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Hann kynntist félagsmiðstöðvistarfinu ungur. Fór stundum yfir í Fellahelli en á þeim tíma var ekki alengt að krakkar úr Hólunum færu út í Fell. Árið 1998 hélt hann til Danmerkur þar sem hann fór í nám sem kallast „fríttidapedagogik“ en þá var ekkert nám að finna sem snýr að þessum fræðum hér á landi. Helgi hefur aldrei farið langt frá ungmennastarfinu. Hann kom til starfa hjá Miðbergi haustið 2002. Var fyrst í hálfu starfi en hefur verið framkvæmdastjóri þar um árabil. Nú starfa öll frístundaheimilin í Breiðholti innan Miðbergs og þar hefur margt verið á dagskrá á undanförunu. Einkum við að efla frístunda- og forvarnarstarf og fá sem flest ungmenni til þátttöku. Breiðholtsblaði leit við hjá Helga á dögunum.

Talið barst fyrst að frístunda-kortinu en það verkefni er nú um tveggja áratuga gamalt. Helgi segir að frístundakortið sé eitt af fyrstu verkefnum sem hann kom að hjá gamla Íþrótt- og tómstundaráði. „Þetta var upphaflega kosningamál hjá Framsóknarflokknum. „Bingi“ Björn Ingi Hrafnsson var formaður ÍTR um tíma og ýttu þessu áfram. Við vorum tveir sem fengum þetta verkefni. Annars vegar gamall starfsmaður Gísli Eggertsson og ungi maðurinn sem þá var ég. Á ég ekki bara að vera heiðarlegur og segja að Gísli hafi gert 98% og ég 2%. Hann tók þetta verkefni alveg upp á arma sína og bjó þetta kerfi raunverulega til. Þetta var hugsað sem stjórnæki til þess að hvetja til meiri tómstundabátttöku barna og ungmenna.“ Helgi segir að allt frá því að kortið fór í notkun hafi verið fylgst með nýtingu þess. „Við urðum fljótt var við að nýting kortsins var verst í Breiðholti af öllum hverfum í Reykjavík. Þetta var ákveðin áskorun fyrir okkur sem vorum að vinna í barna- og ungmennamálum í hverfinu. Við höfum í gegnum tíðina verið með allskonar verkefni

tengdum því. Við höfum fengið fjármuni úr frístundakortssjóðnum til að byggja upp allskonar gjaldfrjálst starf fyrir krakka í hverfinu. Starf sem var tengt við áhugasvið þeirra og fleira. Þetta starf datt niður þegar bankahrunið varð 2008.“

Frístundir í Breiðholti

Helgi segir að árið 2021 hafi orðið til merkilegt verkefni sem heitir Frístundir í Breiðholti. Þetta hafi farið af stað sem tilraunaverkefni sem nú sé búið að ákveða að framlengja. „Þetta verkefni gengur út á að auka nýtinguna á kortinu eða með öðrum orðum að fjölga þeim börnum sem notfæra sér að taka þátt í íþróttum eða öðru tómstundastarfi. Við vorum búin að fara ýmsar leiðir til að koma þessu af stað. Skoða eitt og annað en komumst að raun um að þetta er fyrst og fremst „maður á mann“ vinna. Að ná sambandi við krakkana og foreldra þeirra. Kynna þeim kortið og hvernig á að nota það en einnig að setjast niður með þeim og finna út hvað þau vilji gera. Jóhannes Guðlaugsson sem er lesendum Breiðholtsblaðsins að



Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri Miðbergs.

góðu kunnur heldur utanum og stýrir þessu verkefni. Ástæða þess að við getum gert þetta er að kennararnir bæði umsjónarkennarar og frístundastarfsfólk hafa lagt mikla vinnu í að leggja áhugasviðskannanir fyrir krakkana. Kanna hvað þau eru að gera og hvað þau langar til að gera. Að nálgast þá krakka sem eru óvirkir. Þetta má gera með því að hvetja þau til að taka þátt í því sem er í boði en einnig að komast að því hvað hverfið þurfi að bjóða upp á til að auka þátttökuna.“

Fjáröflunarsalan er í fullu gildi

Talið berst að börnum nýbúa. Fólks sem flutt hefur frá öðrum löndum og sest að í Breiðholti. Hvort börn af öðrum uppruna nýti sér síður þessa möguleika. Helgi segir að þau nýti sér kortið minna er fari vaxandi. „Við sem alin erum upp

hér á landi vitum hvað frístundakortið er en það þurfi að upplýsa fólk sem kemur hingað annars staðar að um þessa möguleika sem það þekkir ekki frá fyrri heimkynnum. Frístundakortið leysir þó ekki allan vanda. Frístundakortið er mjög góð aðstoð en síðan vill stundum gleymst að það nær ekki að greiða nema hluta af því sem tómstundirnar kosta. Kortið dugar til þess að greiða æfingagjöld en þá eru búnaður, ferðalög og keppni eftir. Við búum að þeirri hefð hér á landi að fjölskyldur senda út pósta til þess að safna fyrir ferða- og keppnis kostnaði krakka. Þetta getur verið erfiðara fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna sem eiga sér ekki sama bakland í kaupendum.“ Helgi segir að tilkoma Costco hafi aðeins skemmt klósettpappírs-söluna en aðrar vörur hafi komi í staðinn. „Þessi sölumennska er því áfram í fullu gildi.“

Kortið dugar til þess að greiða æfingagjöld er þá eftir búnaður, ferðalög og keppni. Við búum að þeirri hefð hér á landi að fjölskyldur senda út pósta til þess að safna fyrir ferða- og keppnis kostnaði krakka. Þetta getur verið erfiðara fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna sem eiga sér ekki sama bakland í kaupendum.

Fjölmennning er einkenni Breiðholtsins

Helgi hefur fylgst með Breiðholti allt frá bernsku þótt hann hafi flutt sig rétt yfir lækinn eða öllu heldur Elliðaárnar en hann býr nú Árbæjarmegin þeirra. Hann segir fjölmennninguna vera eitt helsta einkenni Breiðholtsins. Fólk frá mörgum löndum og menningarsvæðum hafi sest þar að. Lang flest af þessu fólk sé fjölskyldufólk sem komi til þess að skapa sér heimili og vinnu. Verða hluti af umhverfinu. Þetta er ekki vandamálafólk. „Við sjáum lítið af því þótt í stórum hópum geti alltaf leynst fólk sem rekist illa. Verkefnið Frístundir í Breiðholti er beinlínis tilkomið vegna fólks sem þekkir ekki nægilega til þeirra möguleika sem lífið hér bjóði. Reynslan sýnir að það lærir að notfæra sér þá, en til þess þarf að kynna fyrir því hvað er í boði.“

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Við vorum búin að fara ýmsar leiðir til að koma þessu af stað. Skoða eitt og annað en komumst að raun um að þetta er fyrst og fremst „maður á mann“ vinna. Að ná sambandi við krakkana og foreldra þeirra.

Stóraukinn árangur í frístundastarfi

Helgi segir gleðiefni hvað góður árangur hafi náðst og hversu mikil þátttaka í frístundum hafi náðst í Breiðholti. Bæði í starfi félagsmiðstöðvanna sem öðru frístundastarfi. „Þegar ég kom að þessu starfi voru einhverjir tugir á hverju frístundaheimili. Stundum um 20 börn. Í dag herfur fjöldinn margfaldast. Ekkert frístundaheimilanna er með undir 100 börnum. Líka er athyglisvert hvað eldri börn, börn í þriðja og fjórða bekk eru farin að sækja í frístundastarfið. Þetta sýnir að mikil þörf er fyrir frístundaheimili fyrir börn á grunnskólaaldri og það er líka ákveðin viðurkenning á því fagstarfi sem við höfum verið að vinna. Börnin væru ekki að sækjast eftir þessu nema af því þeim finnst það gaman. Þátttakan er mjög góð hvort sem um er að ræða frístundaheimili eða starf félagsmiðstöðvanna.“

Endurvekja þarf foreldrastarfið

Helgi vikur að forvarnar-málunum. Hann segir að áhyggjur hafa vaknað af að slakað hafi verið á í þeim málum í kjölfarið á covid. Bæði foreldrum og fólki almennt hafi liðið illa yfir því hversu börn voru einangruð vegna sóttvarna-aðgerða. Því hafi beislinu verið sleppt of mikið af þeim. Gleymst hafi að setja girðingarnar upp. Með samstilltu átaki foreldra og stofnana náðum við miklum árangri. Svo miklum að hann vakti heims-athygli.“ Helgi rifjar upp þá tíma þegar ung fólk safnaðist saman stefnulaust um helgar niðri í miðbæ og víðar og hafði lítið annað að gera en að drekka. Unglingadrykkja var mikil og var vandamál. „Við erum langt frá því að vera komin aftur á þann stað en sjáum engu að síður afturför í þessum málum sem sýnir að við höfum slakað aðeins of mikið á. Og þá koma gömlu gildin upp. Foreldrar þurfa að virða útivistar-tíma. Við þurfum að endurvekja foreldrafélögin í skólunum og foreldraröltið í hverfunum sem

hefur dottið upp fyrir að verulegu leyti. Við þurfum að endurvekja samtal foreldra. Þau verða að tala saman því allir sem hafa átt börn kannast við setninguna um að allir megi það nema ég. Foreldrarnir eru í lykilhlutverki ef við ætlum að ná árangri í forvörnum. Þegar við náðum góðum árangri á sínum tíma þá studdu stofnanir við en foreldrar léku aðalhlutverkið.“

Fjölbreytileikinn er skemmtilegur

Talið berst aftur að aðfluttu fólki. Helgi kveðst ekki vera með nákvæmar tölur hjá sér um fjölda þess en hlutfall barna af erlendum uppruna í Breiðholti sé orðið mjög hátt. „Fjölbreytileikinn er skemmtilegur en honum fylgja líka áskoranir. Margir eru fljótir að laga sig að umhverfi og mannlífi og ná fljótt að lifa góðu lífi. Ég get nefnt að í Suðurmiðstöð í Mjóddinni starfar nokkuð af fólki sem flutt hefur hingað til lands og stendur sig frábærlega vel.“ Helgi segir að tungumálið vefjist fyrir sumum einkum til að byrja með. Eðlilega

því íslenskan sé ólík öðrum tungumálum og erfið mörgum. Margir nái þó fljótt góðum tókum á tungumálinu. Pólska sé til dæmis mjög ólík íslensku en margir Pólverjar séu þó fljótir að læra að bjarga sér og margir verði altalandi á íslensku. Asiutungumálin eru enn ólíkari en það hjálpi mörgu fólki þaðan að kunna eitthvað fyrir sér í ensku. Málið er að fólk byrji að tala. Sé ekki feimið og að við vanmetum það ekki. Þá komi

æfingin.“ Helgi segir að við getum ekki lokað augunum fyrir því að fólk sem flutt hefur til landsins og er að flytja sé fólkið sem drífi hagkerfið áfram. „Ég spyr bara hvar við værum stödd í verklegum framkvæmdum, byggingaframkvæmdum og uppbyggingu stoðkerfa að ég tali nú ekki um ferðapjónustuna sem er mikill gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur án þessa fólks. Starfið í Breiðholti miðar að því að auðvelda því að laga sig að nýju umhverfi.“

Vorum að fá nýjar vörur frá STUDIO og GOZZIP

STUDIO

GOZZIP

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Orkusýningin í Ljósafosstöð

Kraftmikill og skemmtileg sýning við Úlfljótsvatn, í um 50 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Aðgangur er ókeypis. Sýningin er opin alla daga í sumar frá kl. 10-17 Landsvirkjun.is/orkusyning

Landsvirkjun

Fjögur skólastig saman í Hólaborg



Grunnskólanemar og leikskólnemar.

Háskólanemar, framhaldsskólanemar, grunnskólanemar og leikskólabörn námu saman í leikskólanum Hólaborg í vetur og var samstarfið á milli skólastiga bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Blöndun skólastiga er engin nýlunda í leikskólanum Hólaborg en hún var sérstaklega mikil síðastliðinn vetur þegar fjögur skólastig voru þar saman komín.

Háskólanemar í vettvangsnámi, framhaldsskólanemar í íslenskunámi og grunnskólanemar í hópavinnu blönduðust vel í hóp leikskólabarnanna. Misstóra skó og úlpur mátti sjá víða um húsið og þótti starfsfólki Hólaborgar gaman að sjá nemendur ólíkra skólastiga í leik saman. Sumir áttu góðar stundir við húsabyggingar, aðrir við lestur og einhverjir sóttu meira í útveru.

Börn hafa endalausn áhuga á nýjum upplifunum og eru uppfyll af hugmyndum sem leiða þau áfram. Margir mættu nýjum áskorunum bæði í samskiptum og í leik og ný tengsl mynduðust. Skólastarfið er lífið sjálft en ekki undirbúningur fyrir lífið og vinátta á sér engin landamæri.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Smíðin er skemmtileg og ég geri ráð fyrir að fara í verkfræði

- segir Kjartan Helgi Guðmundsson dúx FB

Kjartan Helgi Guðmundsson útskrifaðist af húsasmíðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti og lauk einnig stúdentsprófi á liðnu voru. Kjartan er Breiðhyllingur en segir flesta félaga sína hafa farið í Versló eftir lok grunnskólans. Ástæða þess að hann valdi aðra leið segir hann að eftir að hafa kynnt sér námsframboð og möguleika hafi hann séð að hann myndi geta lokið námi í húsasmíði og einnig stúdentsprófi á þremur árum. „Húsasmíðin dró mig í aðra átt en félagar mínir fóru þótt ég hefði getað hugsað er að vera í skóla með bekkjakerfi. Maður hefði kynnst fleirum þar. Maður hittir fólk um tíma og tíma í áfangakerfinu en svo kemur nýr áfangi og nýir krakkar. Áfangakerfið útheimtir einnig meiri sjálfsga.“ segir Kjartan sem settist niður með Breiðholsblaðinu á Cocina Rodriguez í Gerðubergi á dögunum.

Að ljúka námi í húsasmíði og stúdentsprófi á þremur árum. Var það ekki mikil vinna. „Jú, það var talsvert að gera en þó aldrei mikið hark. Ég hafði metnaðinn með mér og hafði alltaf verið með góðar einkunnir. Þetta bitnaði helst á félagslífinu. Ég hafði minni tíma fyrir það. Ég var í kórnum og kom aðeins við hjá leikfélaginu. En vegna Kovit var minna um starfsemi þar. Hafði heldur engan tíma fyrir það.“

Ætla að smíða í eitt ár

Kjartan segist alltaf hafa verið með marga áfanga í takinu og stundum farið svo að þeir sköruðust. „Ég varð stundum að velja hvar ég gat mætt og hvað ég yrði að læra heima. Þetta hafðist allt en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á smíðum. Mér finnst



Kjartan Helgi Guðmundsson dúx með verðlaun.

gaman að smíða.“ Kjartan hugsar að taka sér árs hlé frá námi. Slaka aðeins á eftir törnina og varla þarf að koma á óvart hvað hann ætlar að gera. Hann er þegar farinn að vinna við smíðar sem hann segir verða viðfangsefni sitt næst árið. „Ég sótti um nám í verkfræði en hugsaði mig svo aðeins um að ef til vill ætti ég að biða í eitt ár.“

Seljahverfi og Bakkarnir

Kjartan fæddist í Danmörku en hefur annars búið í Breiðholti utan eins árs sem hann var í Danmörku. „Ég var þar í fjórða bekk og lærði smávægis í dönsku. Hún fylgdi mér lítið heim en síðar fór ég aftur með pabba og rifjaðist hún dálítið upp. Hún gæti komið mér að gagni ef ég fer til Danmerkur til náms. Ég er ekki kominn svo langt að íhuga hvort ég fari erlendis en ef svo færi kemur Danmörk vel til greina. Kjartan er

yngstur þriggja systkina. Hann bjó um árabíl í Seljahverfi en eftir að leiðir foreldra hans skildu flutti hann í Bakkana með föður sínum. Hann var í Ölduselsskóla og segist hafa þekkt Seljahverfið mun betur. Bakkarnir hafi þó ýmsa kosti. Hverfið sé skemmtilega hannað og svo sé stutt í Mjóddina þar sem flesta þjónustu sé að finna.

Stefni á byggingaverkfræði

En þú stefnir á verkfræði. „Ég geri það. Hún er tengd húsasmíðina. Ég gæti líka unnið við hana með námi. Ég er alinn upp í þessum geira. Faðir minn er rafvirkir og móðir mín vinnur við upplýsingatækni. Þau eru bæði á tölvu- og tæknisviði. Ég sé fyrir mér að ég verði byggingarverkfræðingur og þá er húsasmíðin góður grunnur. Ég ætla að vinna næsta árið og kannski breytast áætlanirnar eitthvað.“



Kjartan Helgi Guðmundsson ásamt fjölskyldu sinni.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Kaldalón vill byggja við Suðurfell



Suðurfell 4 í Efra Breiðholti

Kaldalón eigandi lóðarinnar við Suðurfell 4, þar sem bensínstöð Orkunnar er til húsa hefur lagt inn fyrirspurn til Reykjavíkurborgar um möguleika til að byggja á lóðinni. Þar sem nú er rekið apótek og fleira ásamt bensínstöð.

Lögð var fram fyrirspurn Kaldalóns dagsett 8. maí sl. ásamt bréfi frá 8. maí 2023 um breytingu á hverfissskipulagi Breiðholts í hverfi 6.3 í Efra Breiðholti. Er það vegna lóðarinnar nr. 4 við Suðurfell sem felst í uppbyggingu á lóð, samkvæmt tillögu Kaldalóns, dags. 5. maí 2023. Málinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra. Kaldalón er í eigu nokkurra fjárfesta, þar á meðal Skel,

fjárfestingarfélags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Ingibjargar Pálmadóttir eiginkonu hans.

Við Suðurfell er óbyggt svæði sem myndar jaðar syðsta hluta hverfisins að Elliðaárdal. Suðurfell er eitt af þróunarsvæðum Reykjavíkurborgar. Í greinargerð hverfissskipulags er gerð grein fyrir helstu áherslum sem búast má við að verði lagðar til grundvallar í vinnu við nýtt deiliskipulag þróunarsvæðisins. Þar kemur m.a. fram að gera eigi ráð fyrir allt að 50 íbúðum á svæðinu, í tveggja til þriggja hæða húsum sem lagi sig að brekkunni. Umsókn Kaldalóns nær þó aðeins til lóðar orkustöðvarinnar.

Jóganámskeiði lokið fyrir börn á flóttu

Tækifæri til að öðlast innri ró



Fá námskeið fyrir börn og foreldra á flóttu.

Í maí sl. lauk jóganámskeiði fyrir börn og foreldra á flóttu sem Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt hefur staðið fyrir ásamt fleirum nú á vormánuðum. Tilgangurinn var að aðstoða börn sem hafa verið á flóttu, og þannig rifin upp með rótum úr umhverfi sínu, og gefa þeim verkfæri til að öðlast innri ró.

Rótarýklúbburinn greiddi fyrir kennslu á tveimur jóganámskeiðum fyrir börn á flóttu; annars vegar jóganámskeið fyrir 24 börn á aldrinum 6-10 ára sem haldið var í Gerðubergi í mars/apríl og hins vegar samfélagsjoga fyrir flóttafólk, foreldra og börn. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við alþjóðateymi Reykjavíkurborgar ásamt Vitatorgi, sem er samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar og Rauða krossins. Kennari námskeiðanna var Marína Ermina með aðstoð Juan Camilo Roman Estrada. Þess ber að geta að þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið en það er mikilvægt fyrir börn að aðlagast sem fyrst nýju umhverfi og fyrir alla að upplifa sig sem hluta af samfélagi. Verkefnið var bara snilld.

Eyrún Ingadóttir.

VIÐ ERUM MEÐ OPIÐ Í ALLT SUMAR!

Við vitum að tannheilsa skiptir máli allan ársins hring. Því verðum við með opið í allt sumar og tökum einnig á móti neyðartilfellum.

Pantaðu tíma: tennur@tennur.is | 568 2522 | Noona



TANNLÆKNASTOFAN
VALHÖLL

Urðarhvarf 8 B, 6. hæð, 206 Kópavogur

Vegleg 15 ára afmælishátíð pólska skólans

Pólski skólinn í Reykjavík hélt upp á 15 ára starfsafmæli sitt í íþróttahúsinu við Austurberg laugardaginn 27. maí sl. Um 800 manns mættu á afmælishátíðina sem var um leið útskrift nemenda. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og sendiherra Póllands á Íslandi fluttu ávörp og forsetinn afhenti svo nemendum útskriftarskýrteini sín og viðurkenningar til þeirra nemenda sem sköruðu fram úr í náminu.

Nemendur og kennarar fluttu ávörp, sungu, fluttu tónlist og sýndu listdans svo eitthvað sé nefnt. Að útskriftarathöfn lokinni var boðið upp á stóra afmælisköku og aðrar veitingar auk allskonar möguleika til leikja og skemmtana fyrir alla fjölskylduna. Dagskráin og framkvæmd hátíðarinnar var til mikillar fyrirmyndar og vandað til verka í öllum þáttum. Pólski skólinn starfar yfir vetrartímann á laugardögum og nýtur aðstöðu til kennslunnar í Fellaskóla.

Tilgangur skólans er að skapa börnum af pólskum uppruna tækifæri til að þjálfa og viðhalda móðurmáli sínu sem eykur um leið hæfni þeirra við að tileinka sér íslensku til nota í íslensku samfélagi. Á upphafsvetri skólans voru 60 nemendur í skólanum en sl. vetur voru þeir 250. Skólastjóri er Dominika Ktarczyńska og aðstoðarskólastjóri Marta Wiczorek.



Afmæliskala var vegleg enda Pólverjar þekktir fyrir kökugerð.



Dominika Ktarczyńska skólastjóri og útskriftarnemi.



Guðni Th. Jóhannesson forseti og Gerard Pokruszyński sendiherra Póllands.



Hópur yngri barna sem mætt voru til afmælisins.

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKI
3.-6. ÁGÚST

ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
SKAGAFJÖRÐUR

Enn deilt um Arnarnesveg

- Vegagerðin hafnaði lágstbjóðanda og vill kaupa dýrara verk



Tölvugerð mynd af fyrirhuguðum Arnarnesvegi.

Enn hafa komið upp deilur um Arnarnesveg. Að þessu sinni hafa Óskatak ehf. og Háfell ehf., sem áttu lágsta tilboð í gerð vegarins kært ákvörðun Vegagerðarinnar um að taka ekki tilboði fyrirtækjanna í framkvæmdina. Þau buðu sameiginlega í verkið og var tilboð þeirra 1.334 milljónum króna lægra en það tilboð sem Vegagerðin ætlar að ganga að. Verði það niðurstaðan mun gerð vegarins kosta 6.766 milljónir í stað 5.432 milljóna ella.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var lágst-bjóðanda hafnað þar sem hann – samanlagt hjá báðum - stóðst ekki kröfur um lágmarksveltu síðustu þriggja ára. Krafan var um veltu upp á 50 prósent af þessu verki. Kæran er til meðferðar hjá Kærunefnd útboðsmála, en

Vegagerðin hefur allt að einu óskað eftir bráðabirgðaúrskurði nefndarinnar um að heimilað verði að semja við Suðurverk hf. og Loftorku ehf. um framkvæmdina. Verði ekki við þeirri ósk orðið verður Vegagerðin að bíða með samningsgerð um verkið þar til endanleg niðurstaða í kærumálinu liggur fyrir. Lágstbjóðendur telja að tilteknir skilmálar útboðsins séu ólögmætir, en Vegagerðin segir að þeir hafi ekki staðist útboðskröfur. Því álitu Vegagerðarinnar er hafnað. Arnarnesvegurinn verður 1,3 kílómetra langur og er áformað að verkið taki þrjú ár og verklok áætluð sumarið 2026. Arnarnesvegur er hluti samgöngusáttmálans og munu Betri samgöngur ohf. greiða kostnaðinn við lagningu vegarins.



Dagskóli FB

NÝSKÖPUN, HÖNNUN OG LISTIR

Eins árs undirbúningsnám
fyrir skapandi nám á háskólastigi.

Inntökuskilyrði:
Nemendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Umsóknarfrestur til 8. ágúst
Nokkur laus pláss
Innritun á www.menntagatt.is
Allar nánari upplýsingar á www.fb.is

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



**Blóðrásabætandi
verðlaunaolía**
Sellulít olía er sérlega áhrifarík lífræn nuddolía við appelsínuhúð. Örvandi blanda af blóðrásarbætandi olíum og jurtum sem vinna saman að sléttri, bólgulausri og fallegri húð. Inniheldur m.a. græna kaffibaunaolíu, gotukola, sætti birki ofl.



Góðgerlapartý
20 billjónir góðgerla. Synerbio daglegir meltingargerlar eru í hópi bætiefna ársins 2023 frá Viridian. Inniheldur allt litróf prebiótíska oligosakkaríða og inúlín sem fjölgar góðgerlunum. Kíktu á úrvalið.



Einstakur fatnaður
Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BH

BÍLAVIDGERÐIR

BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Nýr forseti Rótarýklúbbs Reykjavík – Breiðholts

Arnór Sighvatsson tók við sem forseti Rótarýklúbbs Rvk - Breiðholts af Grími Valdimarssyni á starfsskilafundi í lok maí sl.

Klúbburinn fundar á mánudagskvöldum yfir vetrartímann í Gerðubergi. Þar hlusta félagar á áhugaverð erindi yfir kvöldverði. Auk þess styður klúbburinn við ýmis samfélagsverkefni innan hverfis sem utan en meðal verkefna síðasta starfsárs er styrkur til starfsgreinadeildar Fjölbrautaskólans í Breiðholti, jóganámskeið fyrir börn á flótta, sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir stúlkur 12 ára stúlkur í Breiðholti og skólastyrkur fyrir einn nemanda í Mondesa skólanum í Swakopmund í Namibíu.

Þess má geta að Rótarýklúbburinn verður 40 ára 12. desember næstkomandi en í honum eru 44 félagar; 34 karlar og 10 konur. Áhugasömum er bent á heimasíðu klúbbsins og eins síðu klúbbsins á Facebook en klúbburinn tekur nýjum félögum fagnandi.

Eyrún Ingadóttir.



Arnór Sighvatsson með forseta-keðjuna. Á henni eru rituð nöfn allra forseta klúbbsins frá upphafi.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053





Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Sumarsmiðjur í Gerðubergi

Sumarsmiðjur standa nú yfir í Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Boðið var upp á borðspila-smiðju fyrir börn á aldrinum 10 til 14 ára þar sem þau lærðu að hanna borðspil. Leiðbeinandi smiðjunnar var Steingerður Lóa Gunnarsdóttir. Hún er menntaður leikjahönnuður og með einstaka þekkingu á borðspilum vegna vinnu sinnar til margra ára í Spilavinum.

Bókasafnið á filmu er næsta sumarsmiðja og ætluð börnum og ungmennum á aldrinum 13 til 16 ára. Hún stendur yfir frá 26. júní til 30. júní næst komandi. Lukas Gregor Bury leiðir smiðjuna og skoðaðu bókasafnið frá nýju sjónarhorni, í gegnum linsuna á gamaldags filmumyndavél. Í smiðjunni verður fræðsla um hvernig filmumyndavélar virka og farið yfir helstu stillingar á myndavélinni. Smiðjan er byggð á að ímyndunarafl og



Frá borðspilasmíðju í Gerðubergi.

sköpunargáfa fá að njóta sín. Smiðjan er kennd á íslensku, ensku og pólsku. Fleiri smiðjur verða í boði í bókasafninu í Gerðubergi í sumar.

Hringsjá semur við framhaldsskólana

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar, Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólans við Ármúla, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Tækniskólans.

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing hefur verið starfandi frá árinu 1987 og er í eigu ÖBÍ réttindasamtaka. Hringsjá hefur verið í miklu samstarfi við áður talda framhaldsskóla en með formlegum samstarfssamningi verður nám Hringsjár metið til framhaldsskólaeininga. Þetta samkomulag hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nemendur Hringsjár sem fá með þessu móti aukin tækifæri til frekara náms.

Undir samstarfssamninginn rituðu Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautaskólans í



Myndin var tekin við undirritun samningsins. Fv. Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Magnús Ingvason, Hildur Ingvarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Helga Eysteinsdóttir og Elfa S. Hermannsdóttir.

Breiðholti og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskólans. Fyrir hönd Hringsjár voru Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ réttindasamtaka, Elfa S. Hermannsdóttir fyrir hönd stjórnar og Helga Eysteinsdóttir forstöðumaður.

Skóladagur hefst seinna

Tillaga borgarstjóra um útfærslu á seinkun á upphafi skóladags grunnskóla í Reykjavík hefur verið samþykkt. Í tillögunni er skóla- og frístundasviði falið að leggja grunn að breiðu samráði um áhugaverðustu og bestu leiðir til að seinka upphafi skóladags í grunnskólum Reykjavíkur.

Í tillögunni segir að við útfærslu seinkunar upphafs skóladags verði horft til ólíkra valkosta og leiða sem í boði eru, þar á meðal til nýlegra rannsóknarniðurstaðna um áhrif á upphaf skóladags á svefn. Sterkar forsendur eru fyrir seinkun upphafs skóladags grunnskólabarna og hefur hugmyndin nú þegar fengið talsverðan hljómgrunn hjá borgarstjórnarfulltrúum, sérfræðingum, kennurum og nemendum grunnskóla Reykjavíkur. Við gerð tillögunnar var sérstaklega horft til nýlegrar íslenskrar rannsóknar sem



kannaði áhrif seinkunar skóladags á klukkupreytu barna á grunnskólaaldri. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á almenna ánægju bæði nemenda og kennara með seinni skólabyrjun. Betri svefn unglinga í Reykjavík – áhrif seinkunar skólabyrjunar á svefn unglinga

er heiti rannsóknarinnar sem höfð var til hliðsjónar við gerð tillögunnar. Rannsóknin, sem er meistaraverkefni Ágústu Dan Árnadóttur við Háskólann í Reykjavík, var unnin í samstarfi við Reykjavíkurborg, Betri svefn og embætti landlæknis.

Umdeildur járnstigi í Breiðholti

Járnstigi sem byggður hefur verið í brekkunni á milli Neðra og Efra Breiðholts hefur verið til umræðu að undanförunu og sitt sýnist hverjum um fegurð hans og ágæti. Skoðanaskipti hafa verið hörð og margir hafa látið óánægju í ljós. Á Facebooksíðu Betra Breiðholts mátti meðal annars lesa þessa athugasemd. „Vúlgar galvaníserað járnþákni reist yfir skógarstíg í Breiðholti“.

Umræddur stigi er afurð af rafrænum kosningum 2021 þar sem lýst var eftir hugmyndum um áhugaverð verkefni í nærbyggðinni. Stíginn fékk 881 atkvæði í kosningum og var áttunda vinsælasta verkefnið sem valið var af íbúum til framkvæmda. Eftir það var hafist handa við hönnun stigans sem nú hefur litið dagsins ljós. Í umræður á meðal íbúa hefur komið fram að hann þyki of fyrirferðamikill og falli ekki nægilega vel að umhverfinu. Þau sjónarmið hafa komið fram að stíginn sé til ama um að ræða lýti á skóginum. Nær hefði verið að byggja timburstiga innan um trjágróður í brekkunni á milli Breiðholtshverfanna. Mikill áhuga var fyrir að bæta gönguleið með tengingu á milli þessara byggða en fólk hefur ef til vill ekki átt von á að framkvæmdin myndi líta svona út. Íbúar sem rétt hafa



Þarna má sjá hinn umdeilda járnstiga liðast upp brekkuna á milli efra og neðra Breiðholts.

málið segja stíginn ekki hafa verið kynntan í grenndarkynningu heldur hafi hann birst íbúum fyrirvaraust sem er þó andstætt stefnu og starfsaðferðum borgarinnar þegar um slík verkefni er að ræða. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hver tót ákvörðun um útlit og hönnun

stigans eða hverir hafa þar verið með í ráðum. Bygging hans kostaði 36 milljónir króna sem kemur fram í færslu hjá Kolbrúnu Baldursdóttur, borgarfulltrúa eftir að hún lagði fram fyrirspurn um málið í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborg.



Kvöldskóli FB Haustönn 2023

Sjúkraliðabraut
Íslenska

Íslenska sem erlent tungumál

Danska

Enska

Stærðfræði

Sálfræði

Upplýsingatækni

Skyndihjálparnámskeið

Skráning á www.fb.is

Kennsla hefst 21. ágúst 2023

Allar nánari upplýsingar á
www.fb.is og kvold@fb.is

Mikael Marinó Rivera Reykvíkingur ársins



Dagur B. Eggertsson kynnir Reykvíking ársins á bókum Elliðaánna.

Mikael Marinó Rivera, grunnskólakennari í Rimaskóla í Grafarvogi er Reykvíkingur ársins 2023. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilkynnti valið á mánudagsmorgun við opnun Elliðaánna en þetta er í þrettánda sinn sem Reykvíkingur ársins er valinn.

Mikael fer aðrar leiðir í að virkja nemendur sem finna ekki sitt áhugasvið í hefðbundnum námsgreinum í skólanum. Hann hefur meðal annars boðið upp á valáfanga í fluguveiði í Rimaskóla og kynnt fluguveiði fyrir unglingum af eigin frumkvæði þar sem hann blandar saman kennslu í náttúru- og líffræði við kynningu á fluguveiði sem íþrótt og góðu útivistartækifæri.

Nemendur fá fræðslu um stangveiði, fara í flugukastkennslu, fá kennslu á veiðibúnað, læra um og prófa fluguhnýtingar, fá fræðslu um lífríki í ám og vötnum og fara í veiðiferðir. Markmiðið með veiðiáfanganum er að blanda saman áhuga á stangveiði og kennslu í náttúru- og líffræði, íþróttum og listum. Mikael hefur gert þetta af eigin frumkvæði og er það liður í að kynna fyrir ungu fólki í hverju fluguveiði felst og kenna þeim að njóta í leiðinni náttúrunnar við Elliðaárnar sem er nánast við túnfótinn hjá Rimaskóla. Þessa viku er Mikael einmitt með hóp af unglingum úr Rimaskóla í veiðiferð í Elliðaánum og voru þau mætt til að fagna með kennara sínum. Mikael var að vonum ánægður með titilinn. Segir útnefninguna kom sér á óvart en hún sé virkilega ánægjulegt.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir borgarfulltrúi skrifar

Staða lóðamála í Reykjavík

Dapurt hefur verið að fylgjast með umræðunni um lóðamál í Reykjavík. Lögaðili segir engar lóðir að fá og engar óseldar lóðir séu til en starfsmaður borgarinnar þvertækur fyrir það í svari í Morgunblaðinu. Flokkur fólksins hefur látið sig þessi mál varða enda óþolandi hversu mikill framboðsskortur er í Reykjavík þrátt fyrir að byggt hafi verið talsvert. Vissulega hefur borgarbúum fjölgað mikið. Vandinn er að varla er lóð að fá hvorki fyrir einstaklinga né lögaðila. Samt má sjá á vefsjá borgarinnar tölu um að tæpar 2600 lóðir virðast vera til sölu og sagðar byggingarhæfar. Þegar rýnt er í kortið sjálft má reyndar eingöngu sjá agnarlítið brot af þeirri tölu.



Kolbrún Baldursdóttir.

Í allri þessari umræðu mætti halda að gert sé ráð fyrir að lögaðilar eigi að kaupa lóðir sem eru í einkaeign. Hér er vísað í viðtal við Þorvald Gissurarson forstjóra ÞG Verks í Morgunblaðinu 5. júní þar sem hann spyr um þetta og segir jafnframt að „á þéttingarreitum er lóðaverð komið allt að og jafnvel yfir 200 þúsund krónur fyrir hvern byggðan fermetra að meðtöldum gjöldum sveitarfélagsins. Það samsvarar 20 milljónum á 100 fermetra íbúð“.

Hvað er rétt?

Er verið að hagræða sannleikanum þegar sagt er að það sé nóg framboð af lóðum í borginni? Fram hefur komið að lögaðilar bíði eftir að lóð sé boðin út. Enginn sé tekinn fram fyrir, ekki heldur þeir lögaðilar sem óska eftir lóðum til að byggja íbúðir sem hægt er að selja og/eða leigja á viðráðanlegu verði. Á meðan líður tíminn og sá hópur sem ekki hefur tryggt húsnæði sem það getur kallað heimili sitt stækkar. Þessi hópur er fólk sem er tekjulægst og aðrir viðkvæmir hópar. Fullyrða má að borgin úthlutar ekki lóðum í samræmi við þörf eins og lofað hefur verið. Framboðsskorturinn er borgarmeirihlutanum að kenna. Kallað er eftir loforði frá Framsóknarflokknum í aðdraganda kosninga en ekkert heyrst frá þeim bænum í þessum málum.

Reynt að fá heiðarleg svör

Ég hef lagt fram fyrirspurnir um þessi mál. Skýr svör þurfa að koma fram. Þéttingaráform meirihlutans hafa sett stein í götu þeirra sem vilja fá lóðir til að byggja íbúðir til að selja á viðráðanlegu. Við það er ekki hægt að una.

Bjarg þurfti að skila stofnframlögum

Hinn 25. maí sl. lagði Flokkur fólksins í borgarstjórn fram þessar fyrirspurnir: Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um stöðu lóðaúthlutana hjá Reykjavíkurborg. Getur verið að óhagnaðardrifið leigufélög séu stopp í sínum áætlunum vegna þess að lóðir í Reykjavík eru ýmist ekki tilbúnar eða hreinlega fást ekki? Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort einstaklingar geti fengið lóð í Reykjavík, hvort sem það sé lóð fyrir eigið hús eða fjöleignarhús í samvinnu við aðra. Í fyrra þurfti Bjarg íbúðafélag að skila inn stofnframlögum vegna þess að lóðir þar sem byggja átti eru ekki tilbúnar. Bjarg íbúðafélag er óhagnaðardrifið leigufélag að danski fyrirmynd sem byggja íbúðir sem seldar eru á viðráðanlegu verði. Þá sagði formaður VR lóðaskort standa í vegi fyrir uppbyggingu nýrra íbúða og kallað var eftir aðgerðum í húsnæðismálum. Spurt er nú hvort þessi sama staða sé uppi nú?

Svara er vænst

Fimmtudaginn 8. júní lagði Flokkur fólksins síðan fram í borgarráði eftirfarandi: Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um gildandi reglur og fyrirkomulag lóðaúthlutana hjá Reykjavíkurborg. Óskað er eftir því að í svarinu komi fram allar þær leiðir sem unnt er að fara til að fá lóð úthlutaðri hjá borginni, hvaða skilyrði lögaðilar og einstaklingar þurfa að uppfylla til að geta fengið lóð. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um fjölda lóða sem hefur verið úthlutað á tímabilinu 2018 til dagsins í dag og hversu mörgum hefur verið úthlutað til einstaklinga og hversu mörgum til lögaðila.

Þess er vænst að svar komi fljótt og að það verði heiðarlegt svar en ekki útírnúningur.



Yngsta hverfi Reykjavíkurborgar er í Úlfarsárdal. Hverfið hefur þótt nokkuð vinsælt en er fjarlægast borgarhverfa frá miðkjarna borgarinnar.

Vorhátíð Birtu í Heiðmörk



Börnin í Furulundi í Heiðmörk.

Börnin í stoðdeild Birtu nutu vorhátíðar sem haldin var í vikunni, í Furulundi í Heiðmörk, í boði Miðstöðvar útvisar og útináms. Aldrei hafa fleiri verið í stoðdeildinni eða 35 börn sem virkilega nutu sín í útileikjum og útiveru á vorhátíðinni sem haldin var þriðja árið í röð.

Grilluð voru brauð á greinum, búnar til hálsfestar úr tré, klifrað í trjáum og öll aðstaða á þessu skemmtilega

útisvæði nýtt til fullnustu. Gleðin skein úr hverju andliti og sagði starfsfólkið að þó öll börn hafa gaman á uppbroti á námi kunni börnin í Birtu virkilega að meta þegar svona er gert fyrir þau. Birta er skólaúrræði fyrir börn foreldra sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi. Eitt af meginmarkmiðum Birtu er að hjálpa börnunum að öðlast sjálfstraust og vera góður undirbúningur fyrir grunnskólagöngu í von um bjarta framtíð.



Hraustar plöntur gera garðinn fallelgri

Gróðrarstöðin Storð hefur flutt starfsemi sína, eftir 25 ár í Kópavoginum, austur í Laugarás í Bláskógabyggð.

Gróðrarstöðin Storð framleiðir og selur allar gerðir garðplantna, tré, runna, rósir, fjölærar plöntur, sumarblóm og matjurtir.

Sérstök áhersla er lögð á að framleiða heilbrigðar og hraustar plöntur sem standast álag íslenskrar veðráttu.

Þjóðum núverandi og nýja viðskiptavini velkomna í Laugarásinn í sumar.

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



Gaman á Hraðastöðum

Þótt veðrið gefi það ekki oft til kynna þá er lofsins komið að sumrinu. Við í Miðbergi byrjuðum sumarnámskeiðin með stæl þar sem nokkur frístundaheimili komu saman í rútu og var ferðinni heitið á Hraðastaði í Mosfellsbæ.

Þar gátu börnin fengið að hlaupa um og skoða allt sem þar var uppá að bjóða. Á Hraðastöðum voru mörg mismunandi dýr sem hægt var að klappa og skoða og eiga gæða stund með. Það hefur alltaf verið hápunktur frístundaheimilanna að

getað farið á sveitabæi eða í svona heimsóknir. Við erum mjög þakklát að Hraðastaðir tóku við okkur og þótt veðrið hafi ekki leikið við okkur að þessu sinni þá gekk ferðin samt sem áður vel. Á sumarnámskeiðunum eru þemu yfir allar vikurnar eins og t.d. Undraheimur dýranna, Allt á floti allsstaðar og Orkuboltar svo nefna megi nokkur þemu. Í þessum vikum er valið þema sem við miðum vikuna við til að halda uppi fjölbreytileika og skemmtun fyrir börnin. Sumarið hefur oft verið

hápunktur ársins því þá er brotið upp rútínuna sem myndast yfir veturinn. Þegar frístundaheimilin eru með talsvert minni hóp enn vanalega er meira hægt að sinna þörfum og skemmtun barnanna og kynnast þeim sem persónu miklu betur. Við í Vinaseli og örugglega á öllum frístundarheimilunum erum mjög spennt fyrir sumrinu og hvað það hefur uppá að bjóða. Við segjum bless við þennan vetur og heilsum sumrinu með bros á vör.



Í leik í góðviðrinu þegar það birtist.



Á Hraðastöðum voru mörg mismunandi dýr sem hægt var að klappa og skoða.

Veiðikortið í símann!

37 vatnasvæði
8.900 kr.

vefverslun.veidikortid.is

Laugarnar í Reykjavík

Fyrir

líkama

og sál



Netverslun:
systrasamlagid.is

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Siðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Sumarið er tíminn

Sumarið er mikilvægur tími fyrir börn og unglinga að stunda uppbyggilegar íþróttir og frístundir. Ástæðan fyrir því að við nefnum sumarið er að miklar breytingar eru á skipulagi barna og unglinga. Mikið framboð er fyrir alla aldurshópa og áhugasvið sem flestir kjósa, skoðið á www.fristund.is. Sumarið er einnig tími sem mikilvægt er að við hugum að samveru með börnum og unglingum, þ.e. í því tilliti að útivistartíminn er meiri auk fleiri áhættuþátta er kemur að forvörnum. Foreldrar gegna lykilhlutverki er kemur að forvörnum eins og allar rannsóknir sýna.



Jóhannes Guðlaugsson.

Í umræðunni hefur verið að ofbeldi hefur aukist og að hópamyndun hefur verið að aukast, sú umræða hefur farið víða, sem er leiðinlegt. Þáttur foreldra er mikilvægur er kemur að þessari þróun og við þurfum að taka höndum saman til að hlutirnir fari ekki úr böndunum. Fyrir okkur öll snýr þetta að því að fræða börnin okkar og að bregðast saman við. Viðbrögðin þurfa t.d. að vera þau að taka umræðuna með börnunum, vera samtaka um að halda útivistartímann og bregðast við óæskilegri hegðun sem upp kemur í nærsamfélaginu. Lögreglan og fagaðilar hér í hverfinu eru boðin og búin að hlusta og hjálpa ef til þess kemur að fá aðstoð. Þeir aðilar sem hægt er að leita til hér í hverfinu eru lögreglan, Miðberg og Suðurmiðstöð í Mjódd, þ.e. ef þörf þykir. En samtakamáttur foreldra er enn og aftur lykilþáttur. Það er því rík ástæða til að vera með börnunum sem mest í sumar, en einnig að finna þeim uppbyggilegar frístundir og íþróttir. Hjálpumst öll að til að sumarið sé tíminn til að njóta þess.

Jóhannes Guðlaugsson.
Frístundatengill.



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 RVK



www.leiknir.com



GETRAUNANÚMER
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS

Getraunanr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknisfólk heiðrað



Heiðursmerkjafólk Leiknis.

KSÍ veitti myndarlegum hópi Leiknisfólks Gull- og Silfurmerki félagsins fyrir framúrskarandi störf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar á 50 ára afmælisdegi félagsins, þann 17. maí síðastliðinn. Tilnefningar til svona viðurkenninga koma frá félögum sjálfum og í ljósi þess að Leiknir hefur ekki stundað þetta reglubundið var tækifærið nýtt til að heiðra góðan hóp í tilefni af stórafmælinu.

Haukur og Valur Gunnarssynir og Eyjólfur Tómasson hlutu Silfurmerki KSÍ fyrir afrek sín sem nokkrir leikjahæstu leikmenn meistaraflokks eftir að hafa farið upp allt yngri flokkastarf félagsins. Aðrir fimm voru heiðraðir með sama merki fyrir ótult starf í þágu félagsins eftir að hafa æft upp alla flokka og svo klæðst sjálfbóðaliðavestum þegar skórnir fóru á hilluna. Þetta er fólk sem keyrir rúturnar, flaggar fánunum og gengur í allt sem er ómetanlegt fyrir félagið, ár eftir ár eftir ár. Allir með yfir 20 ár sem grjótharðir Leiknismenn í öllum hlutverkum sem hægt er að hugsa sér. Þetta eru þeir Davíð Jónsson, Guðjón Ingason, Garðar Ásgeirsson, Thorvald B. Sörensen og Birgir Ólafsson. Eru þeir svo sannarlega vel að heiðrinum komnir og frábær fyrirmynd fyrir annað Leiknisfólk til framtíðar.

Tólf gullmerki

Tólf voru sæmdir gullmerkishafar KSÍ. eru skilgreindir sem aðeins þeir sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf. Það var tilfinningaþrungin en jafnframt gleðileg stund er þetta fólk var sæmt þessu merki í nafni félagsins. Þeir eru Alfreð Alfreðsson sem hefur starfað fyrir félagið í rúmlega 30 ár. Arnar Einarsson sem er fyrrum formaður félagsins og var einn af þeim sem kom að því að bjarga félaginu frá gjaldþroti í kringum aldamótin.

Guðmundur Birgisson fyrrum formaður, gjaldkeri og stjórnarmaður félagsins. Fáir sem hafa verið jafn lengi í stjórn félagsins og hann. Ellen Klara Eyjólfsdóttir var í stjórn félagsins og kom að því að bjarga því frá gjaldþroti. Ellen var stjórnarmaður í 16 ár. Björk Þorgeirsdóttir kom einnig að því að bjarga félaginu frá gjaldþroti og var hluti af unglingaráðinu 1995. Magnús Eggertsson var einn af þeim mönnum sem kom að félaginu þegar það voru mjög fáir sem störfuðu þar. Gekk í öll störf og var meðal annars þjálfari hjá félaginu til margra ára. Það er mönnum eins og Magnúsi að þakka að félagið sé ennþá starfandi og lagðist ekki af í kringum 1985. Ólafur Garðarsson er einn ötulasti sjálfbóðaliði í sögu félagsins og er varla hægt að snerta þann flöt sem Ólafur hefur ekki komið að hjá félaginu. Gísli Friðrik Hauksson er einn ötulasti sjálfbóðaliði í sögu félagsins. Varla er hægt að snerta þann flöt sem Gísli hefur ekki komið að hjá félaginu. Bjarni Björnsson er einn ötulasti sjálfbóðaliði í sögu félagsins og varla hægt að snerta þann flöt sem Bjarni hefur ekki komið að. Guðný Sævinsdóttir hefur bæði verið aðalstjórn og unglingaráði. Hún hefur eining séð um alls konar uppákomur hjá félaginu. Hún er sú duglegasta að reyna að rífa upp kvennaknattspyrnuna hjá félaginu. Þórir Þórisson hefur verið í stjórn félagsins sem og unglingaráðum og hefur starfað fyrir félagið í rúm 30 ár sem sjálfbóðaliði. Oscar Clausen er núverandi formaður félagsins en hefur unnið ýmis störf í þágu þess í yfir 20 ár og sem formaður núverandi stjórna var hann ekki tilnefndur af félaginu sjálfu en stjórn KSÍ þurfti ekki mörgum blöðum um það að fletta hvort hann væri þess verðugur að bætast í þennan glæsilega hóp eldhuga sem brenna fyrir Íþróttafélagið Leikni.

Leiknir semur við Landsbankann

Íþróttafélagið Leiknir og Landsbankinn hafa undirritað samning til þriggja ára. Stuðningur Landsbankans við Leikni er í takt við slagorð bankans: Betri saman. Í því felst að létta undir með Leikni fjárhagslega til að efla afreksstarf félagsins og ná til iðkenda í hverfinu sem eru af mörgum þjóðernum.

Oscar Clausen formaður Leiknis segir félagið hafa miklum skyldum að gegna í Breiðholti ekki síst vegna þeirra áskorana sem fjölþjóðlegur bakgrunnur íbúa færir okkur. Til þess að sinna þessum skyldum þurfi Leiknir stuðning og það sé mikilvæg viðurkenning að Landsbankinn sýni félaginu samstöðu í verki. Sara Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Samfélagssviðs



Landsbankans, segir Landsbankann styðja við íþrótt- og æskulýðsstarf um allt land með margvíslegum hætti og það sé í takt við áherslur hans að styðja

gott starf Leiknis í Breiðholti. Íþróttir hafi ótvírætt forvarnargildi. Þær tengi íbúana saman og stuðli að betra samfélagi

Lokahóf handknattleiksdeildar ÍR

Seinnipartinn í maí fór fram lokahóf handknattleiksdeildar ÍR þar sem leikmenn, sjálfboðaliðar og aðrir velunnarar deildarinnar komu saman og gerðu upp veturinn.

Sjálfboðaliðar deildarinnar fengu þakklætisvott frá félaginu og leikmenn voru verðlaunaðir fyrir framgöngu sína í vetur.

Meistaraflokkur karla:

Framfarir: Hrannar Ingi Jónsson
Efnilegastur: Róbert Snær Örvarsson
Varnamaður: Bjarki Steinn Þórsson
Sóknarmaður: Viktor Sigurðsson
Bestur: Ólafur Rafn Gíslason

Meistaraflokkur kvenna:

Varnarmaður: Matthildur Lilja Jónsdóttir
Sóknarmaður: Karen Tinna Demian
Efnilegust: Sýlvía Sigríður Jónsdóttir
Best: Hildur Óder Einarsdóttir



Verðlaunahafar á lokahófi handknattleiksdeildar ÍR

Körfubolti

Uppskeruhátíð yngri flokka

Uppskeruhátíð yngri flokka körfuknattleiksdeildar ÍR fór fram með pompi og prakt í íþróttahúsi ÍR við Skógarsel 17. maí sl.

Margt var um manninn, bæði foreldrar og iðkendur. Allir iðkendur fengu viðurkenningar, stinger keppni og kökur í lokin.

ÍR-ingur ársins annað árið í röð var Tómas Kárasón leikmaður 9. flokks karla. Tómas er ómissandi klúbbum, aðstoðarþjálfari í 1-6 bekk, duglegasti iðkandi klúbbsins í vinnu í kringum leiki og mót. Hvort sem það er í dómgæslu, mótastjórn,

snatti eða annarri ritaraborðsvinnu. Við erum svo sannarlega heppin með Tómas.

Guðrúnarbikarinn sem veittur er í minningu Guðrúnar Ólafsdóttur fór í hendur Svölu Vigdísar Svavarsdóttur í 8. flokki kvenna sem tók miklum framförum í vetur, innan vallar sem utan. Svala var mikill drifkraftur í liði 8. flokks kvenna ásamt því að taka að sér aðstoðarþjálfun í 1-4 bekk og tók mikil stökk sem leiðtogi í því hlutverki í vetur.

Stingermeistari 1-3 bekkjar:

Sveinn Kristófer Frímansson

Stingermeistari 4-6 bekkjar: Ísak Gunnar Jónsson

Stingermeistari 7. flokks og eldri: Oliver Aron Andrason

Einnig fengu Kolfinna Birgisdóttir, Atli Mar Gunnarsson og Kristþóra Gísladóttir blómvönd fyrir ómetanlegt starf í þágu yngri flokka félagsins í vetur.

KKD ÍR þakkar iðkendum kærlega fyrir veturinn og hlakkar til þess næsta!



Íslandsmeistarar í 12. flokki



12. flokkur ÍR karla í körfubolta varð í lok maí Íslandsmeistari eftir 84-81 sigur á Blikum og 2-0 sigur í seríunni staðreynd!

Leó Curtis var valinn mikilvægasti leikmaður úrslitaseríunnar. ÍR endaði því tímabilið sem deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar. Frábær árangur hjá þeim.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR

SmíðaVík

GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur





GETRAUNANÚMER ÍR

109



Breiðholt

**Nýjar tunnur
á næstu dögum**



flokkum.is